

Súrefnismæling 18. október 2019 Arnarlax (Arnarfjörður)

Lagt var af stað frá Bíldudal klukkan 9:00, föstudaginn 18. október 2019. Farið var á bátnum Frigg og var Valdimar Bernóðus Ottósson skipstjóri.

Notað var mælingatæki frá SAIV A/S af gerðinni SD204. Tækið mælir súrefni, seltu og hita. Mælingatækið var látið síga niður á hafsbotninn og tækið dregið rólega upp að yfirborði og mælingar framkvæmdar á meðan. Tækið skráði mælingar á 5 sekúndna fresti.

Mælingar voru framkvæmdar á þeim þremur stöðum sem eru vaktaðir í Arnarfirði. Heiti, dýpi og staðsetningu staðanna má finna í töflu 1.

Tafla 1. Staðsetning og dýpi á vöktuðum stöðum í Arnarfirði.


Staðir	Dýpi (m)	Hnit
Baulhús	100	N65°45.833 V23°43.733
Gíslasker	115	N65°44.278 V23°29.726
Haganes	100	N65°40.241 V23°31.298

Niðurstöður mælinga á seltu (rauð lína), hita (græn lína), súrefnismettun (appelsínugul lína) og súrefnisstyrk (blá lína) við Baulhús, Gíslasker og Haganes má finna á myndum 1-3.

Það var lítil vindur, tiltölulega sléttur sjór og nokkrir hvalir í firðinum. Við Haganes mældist rek aðeins 0,2 mílur á klst en mikið var af loftbólum í sjónum þar sem mæling fór fram. Við Gíslasker mældist rek 0,4 mílur á klst og við Baulhús 0,5 mílur á klst.


Seltustig hækkaði með dýpi og hitastig og súrefnisstyrkur lækkaði með dýpi á öllum stöðum nema við Haganes, þar var súrefnisstyrkur lægri á 75 m dýpi en við botninn á 95 m dýpi. Einnig var súrefnisstyrkur þar mjög hár við yfirborðið og seltustig í efstu 15 metrunum var lágt eða 34,1-34,3‰.

Súrefnismettun við Baulhús mældist yfir 100% við yfirborðið og var 52% við botninn. Súrefnisstyrkur mældist 6,51 ml/l við yfirborðið og 3,61 ml/l við botninn. Seltustig var 34,4‰ við yfirborðið og 34,5‰ við botninn. Hitastig fór úr 8,5°C við yfirborðið í 8,3°C á 60 m dýpi og var 5,9°C við botninn.




Mynd 1. Niðurstöður mælinga á seltu (rauð lína), hita (græn lína), súrefnismettun (appelsínugul lína) og súrefnisstyrk (blá lína) við Baulhús 18. október 2019.

Súrefnismettun við Gíslasker mældist yfir 100% við yfirborðið og var lægst 41% við botninn. Súrefnisstyrkur var 6,53 ml/l við yfirborðið og lækkaði í 2,88 ml/l við botninn. Seltustig var við 34,4‰ við yfirborðið og 34,5‰ á 114 m dýpi við botninn. Hitastig var 8,2°C við yfirborðið og niður að 65 m dýpi og var 5,2°C við botninn.



Mynd 2. Niðurstöður mælinga á seltu (rauð lína), hita (græn lína), súrefnismettun (appelsínugul lína) og súrefnisstyrk (blá lína) við Gíslasker 18. október 2019.

Súrefnismettun við Haganæs mældist yfir 100% við yfirborðið, 67% á 75 m dýpi og 76% við botninn. Súrefnisstyrkur mældist 7,74 ml/l við yfirborðið, 4,51 ml/l á 75 m dýpi og 5,21 ml/l við botninn. Seltustig var 34,1‰ við yfirborðið, 34,3‰ á 15 m dýpi og 34,5‰ við botninn. Hitastig var 8,4°C við yfirborðið, 8,3°C á 60 m dýpi og 5,9°C á 95 m dýpi við botninn.



Mynd 3. Niðurstöður mælinga á seltu (rauð lína), hita (græn lína), súrefnismettun (appelsínugul lína) og súrefnisstyrk (blá lína) við Haganæs 18. október 2019.

Margrét Thorsteinsson, Patreksfirði, 21. okt 2019.



Margrét Thorsteinsson
NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA